

Ytra mat grunnskóla

Reykhlaskóli

september 2018

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Reykhólahrepp.

Höfundar: Þóra Björk Jónsdóttir og Sædís Ósk Harðardóttir

© Menntamálastofnun, 2018.

ISBN 978-9979-0-2301-2

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	4
Stjórnun og fagleg forysta	4
Nám og kennsla	4
Innra mat	5
Skólaprófill.....	6
Upplýsingar um skólann	7
Niðurstöður	8
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	8
1.1. Faglegt samstarf og samræða	8
1.2. Samvirkni í stefnumótun	8
1.3. Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	9
1.4. Umbætur og innleiðing breytinga	9
1.5. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	10
1.6. Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	10
1.7. Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	10
Þáttur 2 – Nám og kennsla	12
2.1. Inntak og námskrá	12
2.2. Árangur náms	12
2.3. Gæði kennslu	14
2.4. Skipulag náms.....	15
2.5. Námsvitund	16
2.6. Ábyrgð og þátttaka	16
Þáttur 3 – Innra mat	18
3.1. Skipulag.....	18
3.2. Framkvæmd.....	18
3.3. Umbætur	18

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Reykhólaskóla sem fór fram á haustönn 2018. Teknir voru fyrir þrjú matsþættir, *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Samheldni og liðsheild einkennir samstarf í skólanum.
- Stjórnandi hefur forgöngu um þróunarstarf.
- Svigrúm er veitt til sameiginlegrar starfsþróunar.
- Mannauður skólans er vel nýttur og starfsmenn telja sig njóta trausts.
- Foreldrar eru ánægðir með skólann og telja börn sín örugg þar.
- Samstarf er við íbúa og stofnanir í samfélaginu.
- Hugað er að samfellu í skóladegi og frístundastarfi nemenda.
- Verið er að skipuleggja innra mat markvisst.
- Heimasíða er virk og inniheldur réttar upplýsingar.

Tækifæri til umbóta

- Stjórnandi ætti að vera virkari og sýnilegri í daglegu starfi skólans, meðal nemenda og kennara.
- Huga að leiðum til að veita kennurum faglega endurgjöf á störf sín.
- Virkja þátttöku allra starfsmanna við ákvarðanir og framkvæmd þróunarstarfs.
- Huga að markvissri starfsþróun annars starfsfólks.
- Kynna stefnu skólans og sveitarfélagsins markvisst fyrir öllum hlutaðeigandi.
- Bæta má upplýsingaflæði til starfsmanna.
- Efla markvisst samstarf við foreldra og auka upplýsingaflæði um skólastarf.
- Leita mætti meira til foreldra um tillögur og hugmyndir um skólastarf.
- Setja fram áætlanir um hvernig vinna á með niðurstöður um árangur og líðan nemenda.
- Finna leiðir til að upplýsa foreldra og nemendur betur um námsárangur.
- Gera framgang þróunarverkefna og umbótavinnu sýnilega öllum í skólasamfélaginu.
- Huga að því að allir sem vinna við skólann í lengri eða skemmri tíma skrifi undir trúnaðaryfirlýsingu.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Skólafelag Reykhólahrepps var unnin með þátttöku skólasamfélagsins.
- Í skólanum er borin virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda.
- Reglulega er fylgst með námsárangri og líðan nemenda.
- Samskipti nemenda og kennara eru góð og kennarar sýna fagmennsku í störfum sínum.
- Notkun upplýsingatækni við nám og kennslu er eðlilegur hluti námsumhverfis.
- Nemendur fá fjölbreytt tækifæri til náms í tengslum við ferðir.
- Skólahúsnæði er rúmt og býður upp á fjölbreyttar námsaðstæður.
- Náms hópar eru fámennir og mönnun er góð.
- Kennarar vinna saman að skipulagi og stefnumótun skólastarfs.
- Nemendur geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri og tillit er tekið til þeirra.

Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf námsvísa þar sem markmið og samfella í námi er sett fram opinberlega.
- Markmið náms og kennslu þurfa að vera betur kynnt foreldrum og nemendum.
- Í kennsluáætlunum þarf að gera grein fyrir hvernig námsaðlögun er háttað.
- Efla þarf þátttöku nemenda við að vinna með markmið námsins, læra að setja sér markmið tengd hæfni og skipuleggja nám sitt.
- Styrkja trú nemenda á eigin vinnubrögð, m.a. með aukinni þátttöku í markmiðssetningu og mati á eigin árangri.
- Auka samtal og samvinnu nemenda í námi.
- Sjá til þess að nemendur unglिंगadeildar hafi val í um fimmtungi námstímans.
- Sjá til þess að nám nemenda skerðist ekki við ferðir í og úr skólaþróttum.
- Efla kennsluhætti þar sem reynir á rökhusun, gagnrýna hugsun, samstarf og skoðanaskipti nemenda.

Innra mat

Styrkleikar

- Verið að endurskipuleggja innra mat skólans á faglegan hátt.
- Gagna um skólastarf hefur verið aflað hjá nemendum, starfsfólki og foreldrum.
- Skemmri og lengri ætlanir um innra mat liggja fyrir.
- Settar eru fram leiðir til að ná markmiðum sem stefnt er að.
- Framkvæmd innra mats er í höndum sérstaks teymis.
- Unnin hefur verið greinargerð um innra mat með styrkleikum og tækifærum til umbóta.

Tækifæri til umbóta

- Innra mat þarf að verða samofið daglegu skólastarfi.
- Gera þarf mat á kennslu og fagmennsku kennara að föstum lið í innra mati.
- Finna góðar leiðir til að afla fjölbreyttra gagna um skólastarf hjá aðilum skólasamfélagsins.
- Nýta gögn úr samræmdum árangursmælingum í innra mati.
- Hafa fulltrúa allra aðila skólasamfélagsins með í matsteymi.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í - samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um skólann

Reykhólaskóli er samrekinn leik- grunn- og tónlistarskóli staðsettur í þéttbýlinu að Reykhólum en skólasvæðið nær einnig til dreifbýlisins þar í kring. Skólinn var byggður 1971.

Einkunnarorð skólans eru **Vilji er vegur**.

Í skólanum eru 42 grunnskólanemendur á haustönn 2018.

Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	3	3	3	7	3	4	5	6	5	3
Samkennsluhópar	1.-2. bekkur	3.-4. bekkur	5.-7. bekkur	8.-10. bekkur						
	6 nemendur	10 nemendur	12 nemendur	14 nemendur						

Við skólann starfa 17 starfsmenn í 13,6 stöðugildum. Skólastjóri, fimm kennarar með réttindi og þrír leiðbeinendur, þar af eru tveir í námi, fimm stuðningsfulltrúar/skólaliðar, iðjubjálfi og þroskabjálfi.

Einn nemandi er af erlendum uppruna. Enginn nemandi stundar nám á öðru skólastigi þetta skólaárið. Undanfarin ár hafa verið nokkrir sem það hafa gert. Engar kennslustundir hafa fallið niður hjá nemendum það sem af er skólaárinu.

Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og nemendur með skilgreinda sérkennslu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Íslenska sem annað tungumál										
Einstaklingsnámskrá	Alls þrír nemendur í grunnskólanum									
Sérkennsla og aðlagð námsefni					2			1		2

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Faglegt samstarf og samræða	Samvirkni í stefnumótun	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-----------------------------	-------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	--

Velliðan, samvinna, kjarkur eru einkunnarorð skólastefnu Reykhólahrepps sem unnin var nýlega.

Einkunnarorð Reykhólaskóla, **Vilji er vegur** eru eldri og heldur grunnskólinn í þau áfram. Starfsfólk skólans vill í samvinnu við nemendur og foreldra að í daglegu starfi skólans sé meðal annars stefnt að því að öllum líði vel í skólanum og að jákvæðni sé ávallt höfð að leiðarljósi. Áhersla er lögð á að efla samvinnu og að allir hafi þrautseigju og kjark til að láta drauma sína rætast og vinni saman að því að nemendur geri ávallt sitt besta.

1.1. Faglegt samstarf og samræða

Samheldni er í starfsmannahópnum og líta starfsmenn á sig sem eina liðsheid sem vinnur þétt saman. Lýðræði einkennir vinnubrögð og samstarf í skólanum að mati þeirra sem rætt var við og starfsfólk hefur frelsi sé til að skipuleggja starf sitt.

Stjórnandi hefur skapað svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna bæði innan og utan skólans. Kennararnir voru sammála um að ef þeir bæru sig eftir því væri skólastjóri mjög sveigjanlegur og gæfi þeim færi á að sækja námskeið og ráðstefnur. Áhersla hefur m.a. verið á tækninýjungar og upplýsingatækni og farið hefur verið í markvissa vinnu við að efla læsi í skólanum. Fram kom hjá kennurum að tímaskortur geti hamlað starfsþróun þegar mörg verkefni eru undir í einu. Kennarar halda utan um starfsþróun sína á þar til gerðu eyðublaði.

Samstarf er um starfsþróun starfsmanna skóla meðal byggðarlaga á Vesturlandi og hafa þeir einnig val um að taka þátt í námskeiðum sem kennarar sitja s.s. á starfsdögum. Þeir töldu að efla mætti þeirra starfsþróun.

Ráðgjafafyrirtækið Trappa hefur starfað með skólanum undanfarið og hefur verið leiðandi í faglegri forystu um áherslur á skólastarfi og tekið að hluta að sér það hlutverk skólastjóra. Hjá kennurum kom fram að sú þróunarvinna hafi verið umfangsmikil og margt gott komið út úr henni en kennarar ekki fengið að vera nógu mikið með í ráðum um áherslur breytinga eða þróunar.

1.2. Samvirkni í stefnumótun

Verið er að vinna skólanámskrá skólans í samvinnu við Tröppu og er hún ekki enn að fullu sýnileg á heimasíðu skólans. Á heimasíðunni má finna ýmsa þætti sem eiga að koma fram í skólanámskrá. Þar vantar þó allt um markmið náms út frá aðalnámskrá og námsmat. Starfsáætlun er aðgengileg og uppfyllir hún þau viðmið sem sett eru um starfsáætlun grunnskóla.

Kennarar koma að mótun stefnu skólans og einnig er leitað til nemenda og annarra starfsmanna að einhverju marki. Að mati skólastjóra mætti huga að virkari þátttöku foreldra og annarra úr skólasamfélaginu við stefnumótun. Foreldrar og nemendur kannast ekki við að hafa verið kynnt stefna skólans.

Stefna skólans og sérstaða hans að mati kennara birtist í góðri þjónustu við nemendur með sérþarfir. Reynt er að mæta öllum börnum þar sem þau eru stödd og kennarar eru duglegir að koma til móts við

ólíkar þarfir nemenda. Ááætlun um nám og kennslu er ekki skráð og því er ekki ljóst hvernig unnið er í raun eftir stefnu skólans.

Almennt telja starfsmenn skólans og foreldrar að fréttáflutningur af skólanum sé jákvæður og góður. Starfsfólk hefur fengið fræðslu um ný persónuverndarlög.

Allir aðilar kannast við að ný skólastefna hefur verið mótuð í sveitarfélaginu. Að þeirri mótun komu fulltrúar allra hagsmunaaðila. Viðmælendur gagnrýndu að engin kynning hefði verið á þeirri stefnu fyrir kennara og starfsmenn skólans.

1.3. Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Samskipti við foreldra og foreldrafélag eru sögð góð en hvorki mikil né markviss. Foreldrar komu að mótun skólastefnu sveitarfélagsins en hafa ekki komið að skipulagningu skólastarfs. Samkvæmt foreldrakönnun eru foreldrar almennt ánægðir með skólann, telja honum vel stjórnað og að börnum þeirra líði vel í skólanum.

Í foreldrakönnun kemur fram að foreldrar telja skólann almennt ekki leita eftir þeirra hugmyndum eða tillögum. Foreldrar segjast almennt ekki upplýstir um sérstöðu skólans eða þau verkefni sem eru í gangi s.s heilsuefandi skóla eða að áhersla sé á jákvæðni í daglegu starfi skólans.

Einnig kom fram að þeir telji mikið vanta upp á að þeir hafi heildaráætlanir um nám barna sinna og yfirsýn yfir kennsluáætlanir og markmið. Almennt finnst foreldrum að þeim að það vanti talsvert upp á upplýsingaflæði í skólanum. Upplýsingar berast fyrst og fremst í foreldraviðtölum en foreldrar telja kennara megi vera duglegri að miðla upplýsingum. Svör foreldra í Skólapúlси styðja þetta en þar kemur fram að foreldrar vilja meira samstarf og meiri upplýsingar.

Samstarf við stofnanir og fyrirtæki í samfélaginu er markvisst. Nemendur hafa haldið söngstundir á dvalarheimili eldri borgara, lesa fyrir börn í leikskólanum, fara á gámasvæðið og flokka og síðan hefur verið sameiginleg stund grunnskólans og eldri borgara þegar kveikt er á jólatrénu. Mikið samstarf er við leikskólann og er öflug samvinna á milli elsta hóps þar og 1. bekkjar. Ekki er til formleg skráning á samstarfi við framhaldsskóla en fram kom í viðtali að nemendur hafa tengst framhaldsskóla úr grunnskólanum.

Samstarf er um tólmstundastarf í sveitarfélaginu. Ákveðið var að stuðla að samfellu í stundatöflu nemenda til að styttu fjarveru að heiman og hafa íþróttæfingar verið settar inn í stundaskrá nemenda sem og frístundastarf. Þetta er einnig gert til þess að nýta skólaaksturinn.

1.4. Umbætur og innleiðing breytinga

Skólinn hefur verið þátttakandi í Skólapúlси en er hugsanlega að draga sig út úr honum vegna fámennis. Niðurstöður hafa verið nýttar í innra mati og umbótavinnu. Verið er að stefna að fjölbreyttari gagnaöflun við innra mat og hefur skólinn sett fram hvaða þætti eigi að taka fyrir í innra mati fram til vors 2021. Skimanaáætlun er til staðar og nýtir skólinn niðurstöður mælinga, s.s. samræmda prófa og lesferils. Verið er að vinna að eflingu læsis. Ekki voru sýnilegir verkferlar um hvernig gögn um árangur og líðan eru nýtt í kennslu til að efla árangur nemenda og ekki er getið um árangur náms í innra mati. Ekki er skráð verklag um miðlun upplýsinga um árangur í skólastarfi til foreldra, nemenda eða annarra hagsmunaaðila og fram kemur í foreldrakönnun að foreldrar fá ekki reglulega upplýsingar um námsárangur barna sinna.

Hluti af ráðgjafavinnu Tröppu er að vinna að breytingum í skólastarfinu með skólastjóra þar sem m.a. er lögð áhersla á kennsluhætti. Trappa hefur einnig komið að skipulagningu þróunarvinnu við skólann og var verkefni um samþættingu í námi og kennslu unnið síðasta vetur undir leiðsögn Tröppu.

Kennarar töldu að því verkefni hefði mátt fylgja betur eftir, skrá betur framþróun og verkferla og meta það.

Skólinn hefur sett sér starfsþróunaráætlun þar sem kemur fram hverjir áherslupættir skólans eru og ríma þeir við umbótaáætlunina. Einnig er sett fram símenntunaráætlun þar sem kemur fram hvernig kennarar geta uppfyllt sína símenntun skv. kjarasamningi.

1.5. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Heimasíða skólans er vel upp sett og virk, þar koma fram helstu upplýsingar um skólastarfið og hinar ýmsu áætlanir. Verkferlar varðandi samskipti og lausn ágreiningsmála eru skýrir og skráðir. Skólareglur voru endurskoðaðar sl. vetur og komu skólastjóri og kennarar að þeirri vinnu en nemendur og foreldrar ekki nema að litlu leyti. Almenn séð er ánægja og jákvætt viðhorf til stjórnenda og hafa reglulegar kannanir sýnt það, s.s. Skólapúlsinn. Kennarar eru að mestu leyti sáttir við skipulag daglegs starfs og tala um liðleika skólastjóra en að bæta megi upplýsingastreymi bæði innan húss og frá skóla til foreldra.

Foreldrar eru samkvæmt foreldrakönnun ánægðir með skólann. Áætlun um öryggi og velferð barna í Reykhólaskóla var endurskoðuð á skólaárinu 2017-2018. Öryggisáætlunin í heild sinni byggir á handbók um velferð barna í grunnskólum. Nemendur fá góða kynningu á öryggismálum og farið er vel yfir netöryggismál. Ný lög um persónuvernd hafa verið kynnt kennurum og þeir undirrita trúnaðaryfirlýsingu en ekki starfsmenn sem vinna tímabundið í skólanum eða sinna verktöku.

Nemendafélag er virkt í skólanum og eiga nemendur fulltrúa í skólaráði. Ekki er skráð hvar nemendur eiga sæti í nefndum nema í skólaráði. Nemendur sjá um að upplýsa aðra nemendur um störf nefnda. Nemendur koma að skipulagningu á félagslífi og koma sjónarmiðum sínum á framfæri t.d. í gegnum skólaráð.

1.6. Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Reykhólaskóli er fámennur samkennsluskóli þar sem kennarar kenna saman nokkrum árgöngum og kenna margar námsgreinar. Kennslu er skipað niður með tiliti til sérhæfingar kennara eins og við verður komið. Kennarar eru almennt ánægðir með það hvernig sérþekking þeirra fær að njóta sín og almennt farið eftir þeirra óskum. Starfsþróunarviðtöl fara fram reglulega og eru skráð.

Viðmælendum var tíðrætt um að stjórnandi mætti vera sýnilegri á göngum, koma meira til að fylgjast með kennslu og vera meira í kringum nemendur. Kennarar hafa ekki fengið endurgjöf á kennsluna frá skólastjóra og aðrir starfsmenn telja einnig að stjórnandi mætti vera duglegri í að gefa endurgjöf á störf þeirra og vera sýnilegri á gólfinu. Kennarar tala um að stjórnandi hrósi þeim stundum og einnig séu samkennarar duglegir að hrósa hver öðrum.

Móttaka nýrra starfsmanna er góð, stuðningur góður, auðvelt að fá aðstoð og allir tilbúnir til að leiðbeina. Unnið var að starfsmannahandbók síðasta vetur þar sem m.a. er að finna upplýsingar um réttindi og skyldur starfsmanna og starfslýsingar. Verið er að vinna að bættum samskiptum á vinnustaðnum að því er fram kom í viðtölum.

1.7. Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna

Áhersla er lögð á að starfsmenn geti sótt sér endurmenntun eftir áhuga. Skólastjóri hefur sinnt eigin endurmenntun og námskeið hafa verið fyrir alla starfsmenn. Kennarar eru hvattir til að sækja sér faglega handleiðslu og huga að heilsu sinni og er sveigjanleiki varðandi sjúkráþjálfun o.þ.h. Skólinn stefnir að því að verða heilsueflandi skóli og er innleiðingarteymi starfandi.

Mannauður skólans er vel nýttur og fá starfsmenn að njóta sín og njóta trausts að eigin mati. Þeir telja sig fá að bera ábyrgð á ýmsum verkefnum sem snúa að skólastarfinu. Ekki er skráð hvaða verkefni eru í gangi eða hverjir eru ábyrgðaraðilar þeirra verkefna og fram kom að það gerði verkefni endaslepp.

Styrkleikar

- Samheldni og leiðsæld einkennir samstarf í skólanum.
- Jákvætt viðhorf ríkir til stjórnanda.
- Stjórnandi hefur forgöngu um þróunarstarf.
- Svigrúm er veitt til sameiginlegrar starfsþróunar.
- Mannauður skólans er vel nýttur og starfsmenn telja sig njóta trausts.
- Kennarar nýta sérfræðipækkingu sína eftir því sem við verður komið.
- Markviss vinna fer fram við ýmislegt er snýr að gögnum og skipulagi skólastarfs, meðal annars endurnýjun skólanámskrár.
- Foreldrar eru ánægðir með skólann og telja börn sín örugg þar.
- Viðamikið samstarf er við íbúa og stofnanir í samfélaginu.
- Samstarf er um frístundastarf.
- Hugað er að samfelli í skóladegi og frístundastarfi nemenda.
- Verið er að skipuleggja innra mat markvisst.
- Unnið er að eflingu læsis.
- Heimasíða er virk og inniheldur réttar upplýsingar.

Tækifæri til umbóta

- Stjórnandi ætti að vera virkari og sýnilegri í daglegu starfi skólans, meðal nemenda og kennara.
- Huga að leiðum til að veita kennurum faglega endurgjöf á störf sín.
- Virkja alla starfsmanna til að taka þátt í ákvörðunum og framkvæmd þróunarstarfs.
- Huga að markvissri starfsþróun annars starfsfólks.
- Virkja betur alla aðila skólasamfélagsins við stefnumótun og endurskoðun ferla svo sem skólareglna.
- Kynna stefnu skólans og sveitarfélagsins markvisst fyrir öllum hlutaðeigandi.
- Gera ætti grein fyrir hvernig unnið er með stefnu skólans í skólanámskrá.
- Bæta má upplýsingaflæði til starfsmanna.
- Efla markvisst samstarf við foreldra og auka upplýsingaflæði um skólastarf.
- Leita mætti meira til foreldra um tillögur og hugmyndir um skólastarf.
- Setja fram áætlanir um hvernig vinna á með niðurstöður um árangur og líðan nemenda.
- Finna leiðir til að upplýsa foreldra og nemendur betur um námsárangur.
- Gera framgang þróunarverkefna og umbótavinnu sýnilega öllum í skólasamfélaginu.
- Meta markvisst þá þróunarvinnu sem er í gangi.
- Huga að því að allir sem vinna við skólann í lengri eða skemmri tíma skrifi undir trúnaðaryfirlýsingu.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Í nýlegri skólastefnu Reykhólahrepps kemur fram að hlutverk Reykhólahrepps er að veita öllum börnum jafnan rétt til góðrar menntunar við hæfi hvers og eins og efla áhuga og löngun til frekari menntunar og þroska. Skólastarfið fer fram í þeim anda og matsmenn sáu og heyrðu að borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda við skólann.

Verið er að endurvinnna skólanámskrá skólans í framhaldi af gerð skólastefnu sveitarfélagsins. Sú vinna er að birtast smátt og smátt á heimasíðu skólans. Þar kemur vel fram hvernig grunnþættir í skólastarfi tengjast starfi Reykhólaskóla. Fram kom hjá skólastjóra að ekki hafa verið unnir námsvísar undanfarin ár þar sem birt er opinberlega skipulag og samfella í námi og kennslu og hvernig unnið er með lykilhæfni. Markmið náms eru ekki sýnileg, kynnt eða aðgengileg nemendum og foreldrum. Matsmenn sáu áætlanir kennara um kennslu þá viku sem matið fór fram. Þær áætlanir náðu ýmist til ákveðins árgangs eða samkennsluhópa en ekki kom þar fram hvernig námsaðlögun er háttað, það er hvernig laga á nám að misjöfnum þörfum.

Einstaklingsnámskrár eru unnar fyrir nokkra nemendur þar sem fram koma markmið og leiðir. Þar eins og í öðrum áætlunum þarf að gera glögga grein fyrir hver staða nemandans er, viðmiðum sem stefnt er að og hvenær og hvernig eigi að meta árangur.

2.2. Árangur náms

Í skólastefnu sveitarfélagsins kemur fram að mennta- og menningarmálanefnd ætli sér að styðja við skólastarf og til þess þurfi nefndin m.a. að fá upplýsingar. Þar eru settar fram áherslur sem snúa að árangri á samræmdum könnunarprófum, í læsi, að fjölbreyttum kennsluháttum og leiðum við námsmat. Einnig er áhersla á innra og ytra mat.

Líðan nemenda í skólanum er könnuð í Skólapúlsi, síðast skólaárið 2016-2017. Niðurstöður eru svipaðar og í öðrum skólum sem taka þátt en athygli vekur að tíðni eineltis að mati nemenda er hærrí og einnig kemur fram að tíðni hreyfingar í skólanaum er mikið undir meðaltali. Hér þarf að hafa í huga að um fámennan hóp er að ræða og geta hundruðstölur villt um.

Foreldrar sem svara foreldrakönnun Skólapúlsins 2017-2018 eru ánægðir með líðan barna sinna í skólanum. Vel er gerð grein fyrir foreldrakönnun Skólapúlsins í skýslu um innra mat skólans.

Samband nemenda við kennara er marktækt betra en hjá samanburðarhópi. Nemendur telja heimavinnu minna mikilvæga en gerist hjá öðrum sem taka þátt. Hjá foreldrum kemur fram að þeir eru marktækt minna virkir í námi barna sinna og einnig að þeir telja námsefni síður af hæfilegri þyngd en aðrir foreldrar sem svara Skólapúlsinum.

Samræmd könnunarpróf


Samkvæmt mælingum á samræmdum könnunarprófum sem nemendur þreyta í 4. 7. og 9. bekk (var 10. bekkur) er árangur nemenda skólans oft undir meðaltali jafnaldra. Þar sem hver árgangur er fámennur er tekið saman uppsafnað meðaltal þessara árganga. Þar sést einnig að árangur nemenda í 4. bekk hefur batnað mikið á síðustu 10 árum og er í meðaltali í stærðfræði en aðeins undir í íslensku. Árangur nemenda 7. bekkjar er verulega undir meðaltali jafnaldra þegar síðustu tíu ár eru skoðuð. Sveiflur hafa verið á árangri nemenda við lok grunnskóla, uppsafnaður árangur síðustu ára sýnir að

hann er þó nokkuð undir meðaltalinu í ensku og stærðfræði en íslenskan liggur aðeins undir. Sjá nánar í kafla um samræmd könnunarpróf.

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnarkvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.


Hér er birt uppsafnað meðaltal niðurstaðna samræmdra könnunarprófa þar sem fjöldi nemenda í árgangi er undir viðmiðum um birtingu fyrir einstök ár.

4. bekkur



Árangur í íslensku og stærðfræði hefur batnað mikið frá 2008. Árangur í íslensku er þó enn nokkuð undir landsmeðaltali en árangur í stærðfræði er í kringum meðaltalið.

7. bekkur




Árangur í íslensku hefur verið töluvert undir landsmeðaltali 7. bekkjar. Á tímabilinu 2009-2014 batnaði árangur nokkuð en var þó enn undir landsmeðaltalinu. Í stærðfræði var árangurinn rétt undir meðaltali á tímabilinu 2005-2008 en hefur síðan verið langt undir meðaltali.

9. bekkur

Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk og verður svo í framtíðinni. Fjöldi nemenda í 9. bekk sem hafa tekið prófin er undir viðmiðum um birtingu.

10. bekkur



Árangur nemenda 10. bekkjar hefur verið undir landsmeðaltali nema á tímabilinu 2007-2010 þegar árangur í ensku var við landsmeðaltal en árangur í íslensku var nokkuð vel yfir meðaltali. Samræmd próf voru ekki haldin hjá 10. bekk árin 2013 og 2016.

Lesferill


Skólinn notar Lesferil til að fylgjast með leshraða nemenda. Ekki verða birtar myndir vegna fámennis í árgöngum. Leshraði flestra nemenda skólans er undir viðmiðum Menntamálstofnunar.

2.3 Gæði kennslu

Kennarar sýna almennt fagmennsku og kennslufræðilega hæfni í kennslustundum og skipulag kennslustunda var að jafnaði gott og tíminn vel nýttur. Matsmenn voru á vettvangi í 21 kennslustund hjá öllum námshópum og kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Kennsluhættir í bóklegum tímum einkenndust af því að nemendur unnu í námsbókum sínum þar sem þeir voru staddir og kennari aðstoðaði hvern eftir þörfum.

Stefna sveitarfélagsins er að nýttir séu fjölbreyttir kennsluhættir við skólann. Fjölbreytni kom fram m.a. í notkun upplýsingatækni sem var eðlilegur hluti náms- og kennsluaðstæðna nemenda. Einnig fer nám fram á fjölbreyttan hátt með haustferð sem nýlega hafði verið farin, með ýmsum heildrænum verkefnum sem boðið er upp á eins og *Lesið í skóginn – tálgað í tré* en það verkefni hófst með tveggja daga heimsókn sérstaks ráðgjafa Skógræktar ríkisins skömmu áður en matsmenn komu í skólann. Nemendur fara í skólabúðir á Reykjum og að Laugum.

* Enginn 10. bekkjarnemandi skólans tók samræmd könnunarpróf árin 2013 og 2016.



Fjölbreytni kom ekki á sama hátt inn í kennsluáherslur sem matsmenn sáu á vettvangi. Bein kennsla, þar sem kennslustundin einkenndist af því að kennari er í hlutverki fræðara sem miðlar upplýsingum og nemendur að vinna í verkefnabækur sínar var í 70% af metnum kennslustundum. Leiðbeinandi kennsluáherslur voru að hluta til í 15% stundanna og 15% metinna kennslustunda voru skipulagðar þannig að nemendur höfðu virkt hlutverk við að stýra framvindu eða höfðu bein áhrif á framgang eigin náms.

Mikilvægir þættir sem þarf að bæta eru að nemendum sé betur gerð grein fyrir markmiðum náms, að hvaða hæfni verið er að stefna og að þeir taki virkari þátt í að skipuleggja nám sitt. Þetta kemur heim og saman við svör nemenda á Skólapúlsinum þar sem fram kemur að nemendur Reykhólaskóla hafa marktækt minni trú á eigin vinnubrögðum í námi og telja sig hafa minni stjórn á eigin lífi en aðrir sem þátt taka í Skólapúlsinum.


Matsmenn telja mikilvægt að efla meira samtali og samvinnu nemenda um nám. Við þessar aðstæður, þar sem kennari er með fámennan hóp sem samanstendur af nemendum nokkurra árganga er hætt við að nemendur séu „ofþjónustaðir“, það er að kennari sé alltaf tilbúinn að aðstoða. Við samkennslu árganga með mikilli mönnun er hætt á að innlögn fari fyrst og fremst fram einstaklingslega og verði einhæf og einvörðungu munnleg þar sem kennari nýtir ekki kennslugögn eða tækni sem annars væri gert. Við það skapast síður námssamræða milli kennara og nemenda og nemenda í milli.

Annað sem fámennið getur skapað er að viðmið um árangur verði skekkt, þannig að gerðar séu of litlar kröfur til náms og framfara. Sérstaklega er hætta á því ef námsvísar og kennsluáætlanir eru ekki skilmerkilega fram settar.

2.4 Skipulag náms

Rúmt er um starfsemi skólans í skólahúsnæðinu, innangengt er í íþróttahús og stutt er í sundlaug. Nám og kennsla fer fram í fjórum tveggja til þriggja árganga samkennsluhópum vegna fæðar nemenda þar sem frá þremur upp í sjö eru í árgangi. Í helmingi metinna kennslustunda var einn eða fleiri stuðningsfulltrúar jafnframt í kennslustofunni, annaðhvort að fylgja ákveðnum nemendum eða aðstoða almennt.

Skipulögð samvinna fór fram í fimmtungi metinna kennslustunda. Kennslu- og námsáherslur þar sem nemendur unnu einir var í 65% kennslustunda sem matsmenn mátu. Í kennslustofum er gert ráð fyrir samvinnu í uppröðun borða og auðvelt er að skipuleggja samvinnu vegna þess að nægt rými er í skólanum.



Upplýsingatækni er eðlilegur hluti af náms- og kennslumhverfi og var nýtt bæði af kennurum og nemendum í 30% metinna kennslustunda sem er helmingi meira en að meðaltali í skólum sem metnir hafa verið.

Hlúð er að sköpunarþörf nemenda, m.a. í verkgreinum og vali. Einnig er fjölbreytt nám sem fer fram í ferðalögum, skólabúðum og verkefnum svo sem *Lesið í skóginn*.

Kennarar vinna saman að skipulagi náms og kennslu. Í vetur verður það m.a. unnið með Tröppu sem styður skólann við skólanámskrágerð og gerð námsvísa og kennsluáætla.

Samkvæmt stundaskrá er ekki alltaf gefinn nægur tími fyrir nemendur til að koma sér í og úr íþróttatímum og sundtímum. Við það skerðist annaðhvort kennslutími íþróttanna eða annarra kennslustunda allan veturinn.

Á skóladagatali fyrir veturinn 2018-2019 kemur fram að skóladagar eru 177, þar með talið er skólasetning, skólaslit, foreldradagar, smiðjuhelgi og ferðalög. Stjórnandi telur að með tvöföldum dögum og smiðjuhelgum náist tilætlaðir skóladagar hjá nemendum. Það að reikna daga tvöfalda er fyrirkomulag sem gera má til eins árs í senn og þarf að bera árlega undir fræðslunefnd til staðfestingar. Starfsdagar kennara eru sex utan skólatíma og sjö á skólatíma. Á skóladagatalinu er vel útlístað yfirlit yfir starf vetrarins.

Nemendur í 5.-10. bekk eru með skilgreint val á stundaskrá, eina kennslustund í viku hjá þeim yngri og þrjár hjá eldri. Þetta uppfyllir ekki kröfu um að í 8.-10. bekk eigi val að vera um fimmtungur námstímans eða um sjö kennslustundir á viku.

2.5 Námsvitund

Nemendur voru flestir áhugasamir og virkir í kennslustundum. Fyrir kom að einstaka nemendur voru verklausir hluta úr tíma og er mikilvægt að kennarar bregðist við því. Nemendur nefndu að þeir hafi komið að markmiðssetningu í námi en aðeins í einni námsgrein. Kennarar sögðu frá tilraun til að nemendur settu sér markmið en skort hafi á metnað nemenda. Nemendur þurfa að skilja hlutverk markmiða og tengja við eigið nám. Huga þarf að því að markmið í námi tengist hæfni sem stefnt er að, það er hvað nemandi á að geta og kunna.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Starfsfólk og nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð. Kennarar nýta bekkjarfundi í eldri bekkjum og samræðu í krók hjá þeim yngri, þar sem nemendur þjálfast í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Nemendur hafa formlegt tækifæri að

koma sjónarmiðum sínum á framfæri með þátttöku í Skólapúlsi annað hvert ár. Hjá nemendum kom fram að þeim finnst tekið tillit til sjónarmiða sinna, sem dæmi var nefnt að þeir hafa haft áhrif á tímasetningu prófa að vori en ekki mikið á daglegt skólastarf. Nemendur hafa ekki yfirlit yfir námsframvindu eða áhrif á hana. „Oftast er bara sagt hvað við eigum að gera í tímum en ekkert meira“.

Styrkleikar

- Skólastefna Reykhólahrepps var unnin með þátttöku skólasamfélagsins.
- Í skólanum er borin virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda.
- Reglulega er fylgst með námsárangri og líðan nemenda.
- Uppsafnað meðaltal árangurs nemenda 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum hefur batnað og er um meðalárangur landsins.
- Foreldrar eru ánægðir með líðan barna sinna í skólanum.
- Samband nemenda við kennara er yfir meðaltali þeirra sem svara könnuninni.
- Kennarar sýna fagmennsku í störfum sínum.
- Notkun upplýsingatækni við nám og kennslu er eðlilegur hluti námsumhverfis.
- Nemendur fá fjölbreytt tækifæri til náms í tengslum við ferðir, svo sem Reykjaferð.
- Skólahúsnæði er rúmt og býður upp á fjölbreyttar námsaðstæður.
- Náms hópar eru fámennir og mönnun er góð.
- Kennarar vinna saman að skipulagi og stefnumótun skólastarfs.
- Nemendur geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri og tillit er tekið til þeirra.

Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf námsvísa þar sem markmið og samfella í námi er sett fram opinberlega.
- Markmið náms og kennslu þurfa að vera betur kynnt foreldrum og nemendum.
- Í kennsluáætlunum þarf að gera grein fyrir hvernig námsaðlögun er háttáð.
- Efla árangur nemenda 7. og 9. bekkja á samræmdum könnunarprófum.
- Finna leiðir til að virkja foreldra betur í námi barna sinna.
- Bæta þarf þátttöku allra nemenda við að vinna með markmið námsins, læra að setja sér markmið tengt hæfni og skipuleggja nám sitt.
- Styrkja trú nemenda á eigin vinnubrögð, m.a. með aukinni þátttöku í markmiðssetningu og mat á eigin árangri.
- Auka samtali og samvinnu nemenda í námi.
- Sjá til þess að nemendur unglíngadeildar hafi val í um fimmtungi námstímans.
- Sjá til þess að nám nemenda skerðist ekki við ferðir í og úr skólaþróttum.
- Huga að hvað veldur vanvirkni einstaka nemenda.
- Efla kennsluhætti þar sem reynir á rökhugsun, gagnrýna hugsun, samstarf og skoðanaskipti nemenda.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

Innra mat hefur ekki verið markviss hluti af í starfi skólans en er í endurskipulagningu. Upplýsingar liggja fyrir um hvað fyrirhugað er að gera nú í vetur og tekur matið mið af þeim.

3.1 Skipulag

Verið er að skipuleggja markvissara innra mat skólans í tengslum við heildarendurskoðun skólanámskrár og starfshátta. Fram að þessu hefur Skólapúlsinn aðallega verið notaður við mat en skólastjóri sagði að ákveðið hefði verið að breyta vegna smæðar skólans. Nefnt er að gagnaöflun verði önnur en ekki getið um hvaða gagna verður aflað. Innra mat hefur ekki verið samofið daglegu starfi skólans, mat á kennslu og fagmennsku kennara hefur ekki verið fastur liður í innra mati og ekki fer fram umfjöllun um árangur á samræmdum könnunum. Áætlanir um innra mat liggja fyrir til skemmri og lengri tíma sem ná til margra þátta skólastarfsins. Leiðir hafa verið settar fram til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að.

3.2 Framkvæmd

Stjórnandi ber ábyrgð á innra mati skólans en hefur falið verktaka (Tröppu) að vinna að undirbúningi og stuðningi við það. Teymi hefur verið stofnað sem sér um framkvæmdina. Í teyminu eru ekki fulltrúar allra hagsmunaaðila þar sem þar vantar fulltrúa nemenda og foreldra en á heimasíðu kemur fram að fulltrúar þeirra verði kallaðir til umsagnar um áætlanir. Framkvæmdaáætlun innra mats er skráð og opinber en framkvæmd ekki beint hafin.

3.3 Umbætur

Greinargerð um innra mat skólans er til þar sem fram koma helstu styrkleikar og tækifæri til umbóta byggt á niðurstöðum Skólapúlsins. Áætlunin er ítarleg þar sem gerð er grein fyrir öllum þáttum sem settir hafa verið í úrbótaferli að mati skólans. Það eru þættir sem snúa annars vegar að mati foreldra og hins vegar kennara og starfsfólks. Þar sem matið er rétt að hefjast og umbætur ekki komnar til framkvæmda hefur ekki reynt á hversu kerfisbundið þeim er fylgt eftir. Skólinn getur sýnt fram á að umbætur í kjölfar innra mats með Skólapúlsi hafi farið fram, svo sem samfella í skóladegi yngri nemenda með því að samþætta tómskund og skólatíma.

Styrkleikar

- Verið að endurskipuleggja innra mat skólans á faglegan hátt.
- Gagna um skólastarf hefur verið aflað hjá nemendum, starfsfólki og foreldrum.
- Skemmri og lengri áætlanir um innra mat liggja fyrir.
- Settir eru fram leiðir til að ná markmiðum sem stefnt er að.
- Framkvæmd innra mats er í höndum sérstaks teymis.
- Unnin hefur verið greinargerð um innra mat með styrkleikum og tækifærum til umbóta.

Tækifæri til umbóta

- Innra mat þarf að verða samofið daglegu skólastarfi.
- Gera þarf mat á kennslu og fagmennsku kennara að föstum lið í innra mati.
- Finna góðar leiðir til að afla fjölbreyttra gagna um skólastarf hjá aðilum skólasamfélagsins.
- Nýta gögn úr samræmdum árangursmælingum í innra mati.
- Hafa fulltrúa allra aðila skólasamfélagsins með í matsteymi.

